



Fundargerð

345. fundur hreppsnefndar Reykhólahrepps
Fimmtudaginn 15. nóvember 2012, kl. 15.30.

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Andrea Björnsdóttir (AB) oddviti, Eiríkur Kristjánsson (EK) varaoddviti, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir (ÁSK), Gústaf Jökull Ólafsson (GJO) og Sveinn Ragnarsson (SR) Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fjórar blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið, setti fundinn og leitaði afbrigða að taka eitt mál til kynningar undir liðnum önnur mál, var það samþykkt.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 344. fundur hreppsnefndar 11. október 2012.

Farið yfir fundargerð, fundargerð samþykkt samhljóða.

2. Skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd 5. nóvember 2012.

1. 1211001 – Reykhólaland, 216276, deiliskipulag þéttbýlið.

Bókun nefndarinnar samþykkt með fjórum atkvæðum gegn einu atkvæði GJO. GJO vill að skipulagðar verði einbýlishúsalóðir eingöngu.

2. 1201002 – Reykhólahöfn, 219869, stofnun lóðar.

Bókun nefndarinnar samþykkt. Hreppsnefnd samþykkir að lóðin verði stofnuð og hún verði leigð SG 2012 ehf. Hreppsnefnd leggur til að lóðin fái nafnið Hafnarslóð. Samþykkt samhljóða.

3. 1209002 – Hergilsey 139580, friðlýsing æðarvarps.

Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.

4. 1209009 – Búfjarsamþykkt fyrir Reykhólahrepp.

Hreppsnefnd fór yfir búfjarsamþykkt. Samþykkt að senda hana til yfirlstrar hjá Bændasamtökunum.

5. 1202020 – Samgönguáætlun 2013-2016, sjóvarnir í Flatey.

Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða

6. 1211005 – Reykjabraut 12, 139656, sundlaug. Stækkun tjaldsvæðis.

Bókun nefndarinnar samþykkt samhljóða.

3. Mennta- og menningarmálanefnd 12. nóvember 2012.

Farið yfir fundargerðina.

1. 1211010 – Starfsmannamál, TV einingar.

Erindinu vísað í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

2. 1210001 – Námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

Bókun nefndarinnar samþykkt.

Fundargerðinni annars samþykkt í heild sinni

4. Velferðarnefnd 10. október 2012.

Fundargerðin lögð fram og samþykkt samhljóða.

Mál til afgreiðslu

1. 1211004 - Fjárhagsáætlun Reykhólahrepps 2013 og þriggja ára áætlun.

Drög að fjárhagsáætlun og þriggja ára áætlun verða lögð fram á fundi.

Drög að fjárhagsáætlun lögð fram til fyrri umræðu og þau kynnt. Drögum vísað til seinni umræðu 11. desember.

2. 1211013 - Frumvarp til laga um kosningar til Alþingis, 55. mál.

Ósk um umsögn frá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis dagsett 19. október 2012

Erindi lagt fram. Hreppsnefnd veitir ekki umsögn. Samþykkt samhljóða.

3. 1211014 - Þingsályktun um jafnt búsetuform barna á tveimur heimilum (tvöfallt lögheimili), 152. mál.

Ósk um umsögn frá velferðarnefnd Alþingis dagsett 29. október 2012

Erindi lagt fram. Hreppsnefnd veitir ekki umsögn. Samþykkt samhljóða.

4. 1211015 - Frumvarp til laga um miðstöð innanlandsflugs (hlutverk Reykjavíkurflugvallar, heildarlög), 120. mál.

Ósk um umsögn frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis dagsett 8. nóvember 2012.

Erindi lagt fram. Hreppsnefnd veitir ekki umsögn. Samþykkt samhljóða.

5. 1211016 - Styrkbeiðnir vegna ársins. 2013.

a. Stuðningur við Snorraverkefnið, erindi dagsett 8. nóvember 2012.

Erindinu hafnað, samþykkt samhljóða.

b. Styrkur vegna starfsemi Landsbyggðin lífi, erindi dagsett 2. nóvember 2012.

Erindinu hafnað, samþykkt samhljóða.

c. Fjárbeiðni Stígamóta, móttakið 5. nóvember 2012.

Samþykkt samhljóða að veita styrk að upphæð 20.000. kr. til Stígamóta.

- d. Stuðningur við SÁA, átakið Betra líf, erindi móttakið 19. október 2012.**

Hreppsnefnd tekur ekki afstöðu til erindisins. Samþykkt samhljóða.

- e. Fjárstuðningur við verkefnið skráning reiðleiða, erindi frá Landsambandi hestamanna dagsett 3. október 2012.**

Erindinu hafnað, samþykkt samhljóða.

Til kynningar

- 6. 1207009 - Aðalmenn í Breiðafjarðarnefnd næstu fjögur árin.**

Afrit af tveimur erindum frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti dagsett 10. október 2012

Kynnt.

- 7. 1211017 - Frumvarp til laga um almenningssamgöngur á landi.**

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 1. nóvember 2012.

Kynnt.

- 8. 1111001 - Landsskipulagsstefna 2013 -2024 kynningafundir.**

Kynnt.

- 9. 1211018 - Raforkuflutningskerfi – Þróun og uppbygging.**

Erindi frá Línudans ehf. dagsett 9. október 2012

Kynnt.

- 10. 1211019 - Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga 31. október 2012.**

Fundargerð lögð fram.

- 11. 1211020 - Fundargerð heilbrigðisnefndar Vestfjarða 26. október 2012.**

Fundargerð lögð fram.

- 12. 1211021 - Fundargerð 800. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga 26. nóvember 2012.**

Fundargerð lögð fram.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

- 13. 1211022 – Afsláttakjör í Hólakaupum.**

Erindi frá Eyvindi Magnússyni dagsett 13. nóvember 2012, þar sem Hólakaup segir upp afsláttasamningi við Reykhólahrepp.

Lagt fram.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 17:03
